

SAMPYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins
Skútustaðahrepps, nr. 690/2013.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
 Sveitarstjórn Skútustaðahrepps heldur almennt reglulega fundi sveitarstjórnar á skrifstofu sveitarfélagsins annan og fjórða hvern miðvikudag í mánuði.

2. gr.

39. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Fastaneftndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórnin kýs fullrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. **Fulltrúar kjörnir til fjögurra ára í fastaneftndir á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.**
 1. *Skóla- og félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fara með málefni grunn-, leik- og tónlistarskóla, fullorðinsfræðslu, skóla- og félagsþjónustu og málefni fatlaðs fólks skv. erindisbréfi.
 2. *Velferðar- og menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um jafnréttismál, heilsueflandi samfélag, iþrótt- og æskulýðssstarfsemi, menningarmál, forvarnarmál, félagsstarf eldri borgara og málefni nýrra íbúa í sveitarfélagini skv. erindisbréfi.
 3. *Skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um skipulags- og samgöngumál skv. erindisbréfi.
 4. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um umhverfis- og sorpmál skv. erindisbréfi.
 5. *Atvinnumála- og framkvæmdanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um atvinnumál, atvinnuþróun og framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og í sveitarfélagini o.fl. skv. erindisbréfi.
 6. *Landbúnaðar- og girðinganefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um málefni landbúnaðarins, fjallskil, búfjáreftirlit og búfjárgirðingar skv. erindisbréfi.
 7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
 8. *Fjallskilstjóri.* Einn.
 9. *Grenjaskyttr.* Tvær.
- B. **Fulltrúar kjörnir til fjögurra ára í sameiginlegar fastaneftndir og sameiginlegir fulltrúar með öðrum sveitarfélögum í fastaneftnum, kjörnir eftir samkomulag um tilnefningu.**
 Kjör á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
 1. *Brunavarnanefnd með Pingeyjarsveit.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 2. *Fulltrúaráð héraðsnefndar Pingeyinga.* Tveir aðalmenn og tveir til vara.
 3. *Stjórn Hvamms, dvalarheimilis aldraðra.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 4. *Menningarmiðstöð Pingeyinga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 5. *Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 6. *Náttúruverndarnefnd Pingeyinga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 7. *Náttúrustofa Norðausturlands.* Einn aðalmaður og einn til vara.
- C. **Kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.**
 1. *Aðalfundur Eyþings.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
 2. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
- D. **Tilnefningar.**
 1. *Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.* Einn aðalmaður.

Sveitarstjórn fer með verkefni annarra lögbundinna nefnda en framangreindra.

Nr. 953

16. október 2018

Kjörtímabil fulltrúa Skútustaðahrepps í fastanefndum, er hið sama og sveitarstjórnarinnar, nema annað sé ákveðið í lögum eða samþykktum. Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað, en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrrí sveitarstjórn sætti að afloknunum kosningum, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar.

3. gr.
Gildistaka.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett skv. 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 16. október 2018.

F. h. r.
Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. október 2018